



## Mjög hefur dregið úr eftirspurn eftir ferskum sjávarafurðum

*Stór hluti veitingastaða víða um heim er lokaður þessa dagana vegna Covid-19 og hefur það dregið mjög mikið úr eftirspurn eftir ferskum fiski frá Íslandi en veitingastaðir hafa verið stór kaupandi af ferskum fiski frá Íslandi á síðustu árum. Þetta hefur sett strik í rekstur íslenskra sjávarútvegsfyrirtækja en umtalsverður hluti af íslenskum botnfiski er fluttur út ferskur.*

Heildarútflutningsverðmæti ferskafurða nam 60,3 mö.kr. árið 2018. Langverðmætasta fisktegundin í ferskum afurðum er þorskur en útflutningsverðmætið af ferskum þorski nam 39,4 mö.kr. sama ár sem gerir um 65% af öllum útflutningi á ferskum afurðum.


### **Frakkland er langstærsti markaðurinn fyrir ferskan þorsk**

Langstærsti markaðurinn fyrir ferskan þorsk hefur á síðustu árum verið Frakkland en 43% heildarútflutningsverðmætis eða 17,2 ma.kr. af ferskum þorski fór til Frakklands á árinu 2018. Bandaríkin voru með næstmesta útflutningsverðmætið, 7,9 ma.kr. eða 20% af heildarverðmætinu. Belgía kom þar næst á eftir með 4,2 ma.kr. eða tæplega 11%. Langmest af ferskum þorski fer til Evrópu eða um 77% og því hefur lokun veitingastaða í Evrópu komið hart niður á útflutningi á ferskum þorski.

### **Talsverður verðmunur milli markaðssvæða**


Þrjár stærstu markaðir fyrir ferskan þorsk frá Íslandi greiða svipað verð á hvert kílógramm. Verðið hefur legið á bilinu 1.068 og upp í 1.281 kr./kg á árabílinu 2016-2018. Markaðurinn sem kemur næstur á eftir í stærð, Bretland, hefur hins vegar greitt mun lægra verð en verðið hefur þar verið að meðaltali 591 króna eða í kringum helmingi lægra en það sem gerist á þremur stærstu mörkuðunum. Ástæðan fyrir þessu liggur að hluta til í því að hluti af fisknum er áframsendur frá Bretlandi til meginlands Evrópu og er þá að einhverju leyti búið að vinna fiskinn frekar. Mjög hefur dregið úr vægi þess þorsks sem fer til Bretlands á síðustu árum. Hlutfallið var sem dæmi

Útflutningsverðmæti fersks þorsks eftir löndum árið 2018



Heimild: Hagstofa Íslands

Verð á ferskum íslenskum þorski eftir löndum 2018



Löndunum er raða eftir keyptu verðmæti. Efst er landið sem kaupir mest og svo koll af kolli  
Heimild: Hagstofa Íslands





ríflega 70% árið 2008. Síðan þá hefur hlutfallið stöðugt dregist saman á hverju ári og var það komið niður í 17,6% árið 2018. Hlutdeild annarra landa sem greiða hærra verð eins og Frakklands hefur á sama tímabili margfaldast. Hlutdeild Frakklands var þannig 8,7% árið 2008 en var komin upp í 35,3% árið 2018. Á sama tímabili hefur hlutdeild Bandaríkjanna farið úr 2% í 16,7%.

### Vægi ferskra afurða hefur stigið á síðustu árum

Vægi fersks þorsks frá landinu hefur vaxið á síðustu árum og má líklegast rekja það að mestu leyti til þess að afurðaverð á hvert kílógramm er hærra en t.d. af frystum eða söltuðum afurðum. Árið 2011 var vægi fersks þorsks um 18,5% af heildarmagni af útfluttum þorski. Næstu ár jókst þetta hlutfall og fór yfir 30% í fyrsta skiptið árið 2018 en það ár mældist hlutfallið 30,5%. Þessi þróun var aðallega á kostnað saltaðra afurða en á milli þessara ára fór vægi saltaðra afurða úr 28,9% niður í 18,5%.

### Ferskur fiskur bæði fluttur út með flugi og með flutningaskipum

Ferskur fiskur er ýmist fluttur út sem heill fiskur eða sem flök. Langmest er þó flakaður fiskur og einungis örfá prósent sem eru flutt út sem heill ferskur fiskur. Ferskur fiskur er bæði fluttur út með flugi og flutningaskipum. Eitt sinn var nokkuð um að fiskiskip sigldu með aflann og lönduðu honum erlendis. Slíkt heyrir nú nánast sögunni til. Ef horft er einungis til flakaðs fisks hefur hann verið nær jöfnum höndum verið fluttur út með flugi og flutningaskipum. Verð á hvert kg. á þeim flökum sem fara með flugi hefur verið nokkuð hærra en þeim flökum sem flutt eru með skipi sem verður að teljast eðlilegt enda flutningstími með flugi mun skemmri en með skipi og varan því ferskari þegar hún endar í höndum kaupandans. Þarna á móti vegur að gjald fyrir flutning er hærra í flugi en með sjóleiðinni. Þrátt fyrir Covid-19 er ferskur fiskur enn fluttur út með flugi en til færri áfangastaða og með hærri flutningskostnaði en þekktist áður en faraldurinn náði flugi. Hugsanlega kann þetta að leiða að minnsta kosti tímabundið til þess að ferskur fiskur fari í auknum mæli í flutningaskip.





Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. ([hagfraedideild@landsbankinn.is](mailto:hagfraedideild@landsbankinn.is)) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.